

Fundargerð Háskólaráðs 4. nóvember 2014

Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.30

Málsnúmer: 1401008

Mættir: Vilhjálmur Egilsson rektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð. Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara, mætti kl. 14.25. Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema mætti kl. 14.50. Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema kl. 14.50, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara mætti kl. 15.00.

Áheyrnarfulltrúar: Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi Íbúaráðs

Boðaður sérstaklega: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri, mætti kl. 15.00

Fjarverandi:, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor,

1. Fundargerðir tveggja síðustu funda

154. fundur 2.september 2014. Samþykkt.

155. fundur, 7. október 2014. Samþykkt.

2. Íbúaráð

Jónas Halldór Sigurðsson komnir í ráðið ásamt Karli Eiríkssyni. Rektor tilnefni Margréti Björgvinsdóttur í ráðið. Háskólaráð staðfestir tilnefninguna. Hann mun síðan tilnefna formanns ráðsins skv. reglum Íbúaráðsins.

3. Rekstrartölur

Rektor kynnir rekstrartölur miðað við september. Vonast er til að útkoman í árslok verði í þokkalegu samræmi við það sem komið er fram núna.

4. Samskipti við Íbúðalánasjóð

Rektor og fjármálastjóri fóru til fundar við Íbúðalánasjóð í október, ljóst að það er mikil skuld á þremur félögum vegna húsnæðis á svæðinu. Rektor og fjármálastjóri lögðu tillögu um næstu skref gagnvart sjóðnum fram á þeim fundi. Verið er að skoða hana innan sjóðsins.

Fram kom að nemendur hafi áhyggjur af búsetu á svæðinu, einnig með tilliti til fjölda staðnema. Miðstjórn mun hafa samband við rektor og yfirstjórn skólans á næstu dögum vegna ýmissa atriða sem snúa að búsetu á Bifröst og náminu.

5. Undirbúningur áætlunargerðar vegna 2015

Vonast eftir góðri aðsókn í nýtt nám í þjónustufræðum innan viðskiptasviðs, í lögfræði er vonast eftir betri aðsókn. Á félagsvísindasviði er verið að endurskoða HHS, þar er verið að skoða þrjár nýjar námsleiðir sem vonandi gefa góða aðsókn. Vonast er eftir fleirum í alþjóðastjórnmálahagfræði, ekki víst að það verði jafnmargir á viðskiptasviði í meistaranám og var í haust. Í heild er búist við svipuðu innstreymi í háskólanámið og í haust. Mjög gott ef það verður sama aðsókn í Háskólagáttina og var í haust. Ekki komin formleg tillaga um skólagjöld næsta skólaár.

6. Fyrsta kennslulotan – mat á framkvæmd

Kennslustjóri segir frá kennslumati í lotu 1, sem kemur í heild ágætlega út fyrir skólann. Vegna tæknilegra örðugleika hafa textasvör því miður glatast, skoða þarf hvernig verður brugðist við því. Nú er miðannamati nýlokið, en það er lagt fyrir í námskeiðum sem eru kennd í löngum lotum.

Í 5 viku lotu 2 verður gerð könnun á reynslunni af lotukerfinu í haust bæði meðal nemenda og kennara.

7. Gæðamál

Gæðastjóri skýrir frá stöðu í vinnu við sjálfsmatsskýrslu skólans, sem er samkvæmt áætlun. Tveir fulltrúar úr gæðaráði háskólastigs og tveir erlendir úttektaraðilar ásamt stúdent úr öðrum háskóla, ásamt fulltrúa frá Rannís munu koma að úttekt skólans. Hvert svið skólans þarf að skila eigin sjálfsmatsskýrslu, þær eru allar í vinnslu og ágætis gangur í þeirri vinnu. Heimsókn úttektaraðila mun standa í 2 – 3 daga í mars 2015, með öllum aðilum sem koma að málefnum skólans. Mjög líklegt er að úttektarhópurinn muni hitta háskólaráð og nauðsynlegt að ráðið fylgist vel með þessum ferli og kynni sér þessa vinnu vel.

Hallur Jónasson er í rýnihópi á vegum Rannís vegna gæðastarfs í háskólum, sem hann sóttist sjálfur eftir að komast í.

8. Sóknarsvið 2015

- Þjónustufræði – námskeiðslýsingar liggja fyrir, verða sendar til aðila í viðskiptalífinu til að fá álit og viðbrögð. Þarf að vera tilbúið til kynningar um áramót.
- Lögfræði – í gangi undirbúningur að sameiginlegri gráðu með erlendum háskólum í viðskiptalögfræði. Líklegt að Háskólinn í Árósum verði með. Sótt verður um ERASMUS+ styrk vegna þessa.
- Félagsvísindi – verið að skoða þrjár nýjar námsleiðir, þ.e. að endurskapa HHS grunninn. Undirbúningur í fullum gangi.
- Lögreglunámið – rektor hefur fylgt málinu eftir þannig að HB fái tækifæri til að bjóða uppá þetta nám. Niðurstaða liggur ekki fyrir.
- Alþjóðlegi sumarskólinn – stefnt að 2016, er í vinnslu.
- Símenntun – verið að markaðssetja Símenntunina, m.a. með heimsóknum í fyrirtæki.
- Ferðaþjónustan – gefa sér 5 ár til að ná meðalnýtingu á hótelum á Vesturlandi, ýmsar vöruhugmyndir sem verið er að vinna með.

9. Vaxtarklasaverkefni

Hallur Jónasson kynnir, fyrirtæki á Vesturlandi hafa verið heimsótt og áhugi þeirra kannaður. Hittu fjölmörg fyrirtæki, tóku saman hugmyndir, vinnustofa á Bifröst í síðustu viku. Eru nú að

vinna með nokkur fyrirtæki sem gætu verið líkleg í samstarf og Bifröst yrði móðurstöð verkefnanna og sjá til þess að þau gangi áfram.

Rektor mælir með að haldinn verði fundur á svæðinu og kanna með áhuga nemenda eða íbúa á staðnum til að taka þátt í einhverjum þeirra verkefna sem hafa komið uppá borð í þessari vinnu.

10. Önnur mál

- a) Frá rektor, Hugsanlega þarf að kalla ráðið saman innan tíðar vegna ritstuldarmáls, sem er í ferli.

Fundi lokið kl. 15.40

Fundargerð samþykkt 10. desember 2014.